

Texti fyrir breytingu

Vísir 2.28 - Gróður á Vesturöræfum

Nú liggur fyrir skýrsla Landsvirkjunar um **Gróðurvöktun á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði** sem unnin var af Náttúrustofu Austurlands. Unnið var út frá SPOT-5 gervitunglamyndum sem teknar voru sumrin 2002, 2007 og 2008. **Með þeirri skýrslu** er ætlað að komin sé ein möguleg skilgreining á grunnástandi gróðurs á umræddu svæði. Um þessar mundir **er verið að skipuleggja, í samráði við sérfræðinga, hvernig best sé að háttta vöktun gróðurs á svæðinu.**

Framvinda

Sumarið 2012 var farið yfir gróðurreiti í Kringilsárrana 2013 á Vesturöræfum og 2014 á Fljótsdalsheiði. Til stendur að hefja úttekt á reitunum 2015 til samanburðar við upphafsúttektina 2006-2008. Ekki er gert ráð fyrir fjarkönnun og gróskumælingum nema samanburður gefi tilefni til. Nú er aðgangur að gervitunglagögnum það góður að ekki þarf lengur að gera sérstakar ráðstafanir til að afla þeirra.

Texti eftir breytingu

Vísir 2.28 - Gróður á Snæfellsöræfum

Tilgangur þessarar gróðurvöktunar er að nema og fylgjast með breytingum sem kunna að verða á gróðri á svæðum sem gætu verið undir áhrifum af Kárahnjúkavirkjun. Úttekt var gerð á gróðurreitum í Kringilsárrana, Vesturöræfum og Fljótsdalsheiði á árunum 2006-2008, sbr. skýrslur í kafla um ítarefni. Enn fremur var lagður grunnur að mögulegri vöktun með aðstoð gervitunglamynda með skýrslu Landsvirkjunar (LV-2010/062) sem unnin var af Náttúrustofu Austurlands. Unnið var út frá SPOT-5 gervitunglamyndum sem teknar voru sumrin 2002, 2007 og 2008. **Með þessum skýrslum** er ætlað að komin sé ein möguleg skilgreining á grunnástandi gróðurs á umræddu svæði. Um þessar mundir fer fram endurskoðun á markmiði vöktunar og hvernig best sé að standa að henni.

Framvinda

Endurtekin úttekt á reitunum hófst 2015 í Kringilsárrana, 2016 á Fljótsdalsheiði og verður lokið 2017 á Vesturöræfum, en áætlað er að slík úttekt fari fram á um 10 ára fresti. Mikil gæsabeit einkenndi ásýnd gróðurs í Kringilsárrana í úttekt ársins 2015 og voru beitarummerki mun meira áberandi en í fyrri úttekt. Annars konar breytinga á gróðri varð ekki vart en Kringilsárrani er gróskumikill miðað við önnur hálendissvæði landsins og því álitlegur til beitar. Áhrif hreindýrabeitar voru höfð í huga við gerð úttektar á Fljótsdalsheiði sumarið 2016 því samkvæmt hreindýratalningum síðustu ára var heiðin mjög vinsæl til sumarbeitar á árunum 2000-2008 en fá dýr fundust þar á árunum 2011-2016. Fléttur sem aðeins hreindýr bíta höfðu mun minni þekju í úttekt ársins 2016 en fyrri úttekt en minni breytinga

Nýtt samfelld gróðurlendakort af hálendi á Austurlandi.

Frá árinu 2010 *hafa* Landsvirkjun og Náttúrufræðistofnun Íslands

Slóðin á kortið er:

<http://www.ni.is/midlunogthjonusta/utgafa/kort/grodurkort/>

Vöktunaráætlun og markmið

Helstu áhrifaþættir:

- Náttúrulegar orsakir, t.d. vegna breytinga í veðurfari.
- Breytt beitarálag.
 - a. Minnkandi sauðfjárbeitar hin síðari ár (almenn þróun).
 - b. Tilfærslu á beitarálagi hreindýra vegna beitarsvæða sem glötuðust undir Hálslón.

Áætlun um vöktun

Gervitunglamyndir verða notaðar til að reikna út grósku (svokallaða NDVI vísitölu). Því hærri vísitala, því meiri þéttleiki gróðurs (blaðgræna).

Upplýsinga verður aflað fimmta hvert ár.

varð vart meðal annarra plöntuhópa milli ára. Niðurstöður úttekta árin 2015 og 2016 benda til þess að beit sé stærsti áhrifavaldurinn í sambandi við gróðurfar á svæðinu og gróðurvöktunin verður að öllum líkindum löguð að þeim sjónarmiðum.

Ekki er gert ráð fyrir fjarkönnun og gróskumælingum nema samanburðurinn gefi tilefni til. Nú er aðgangur að gervitunglagögnum það góður að ekki þarf lengur að gera sérstakar ráðstafanir til að afla þeirra.

Nýtt samfelld gróðurlendakort af hálendi á Austurlandi

Frá árinu 2010-2014 **unnu** Landsvirkjun og Náttúrufræðistofnun Íslands

Slóðin á kortið er: [Verður sett inn síðar](#)

Vöktunaráætlun og markmið

Helstu áhrifaþættir:

1. Náttúrulegar orsakir, t.d. vegna breytinga í veðurfari.
2. Breytt beitarálag.
 - a. Minnkandi sauðfjárbeitar hin síðari ár (almenn þróun).
 - b. Tilfærslu á beitarálagi hreindýra vegna beitarsvæða sem glötuðust undir Hálslón.
 - c. **Beit heiðagæsa.**

Áætlun um vöktun

Gervitunglamyndir verða notaðar til að reikna út grósku (svokallaða NDVI vísitölu). Því hærri vísitala, því meiri þéttleiki gróðurs (blaðgræna).

Markmið

Gróðurþekja haldist stöðug (NDVI vísitala mun ekki lækka og tegundum ekki fækka)

Mögulegar viðbragðsaðgerðir

Landsvirkjun stendur fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir áfok.

Grunnástand

Vesturöræfin eru um 300 km². Þar af eru um 200 km² grónir.

Ástand gróðurs var kannað á árunum 2002, 2007 og 2008 auk þess sem stuðst var við gróðurathuganir sem höfðu farið fram á svæðinu.

- Athugun á megin breytingum í þekju og greiningu á gróðurlendum sem gætu hafa komið fram við endurskoðun gróðurkorta.

Markmið

Kanna hvaða breytingar verða á gróðurfari á svæðum undir áhrifum af Kárahnjúkavirkjun og að hve miklu leyti væri hægt að tengja þær virkjun.

Mögulegar viðbragðsaðgerðir

Landsvirkjun stendur fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir áfok og **stöðva rof.**

Grunnástand

Áður en undirbúningur vegna Kárahnjúkavirkjunar fór fram höfðu verið gerðar ítarlegar gróðurathuganir (OS81002/VOD02) og vegna hreindýrarannsóknna voru gerðar sniðmælingar í gróðurlendum sem dýrin virtust velja umfram önnur (OS-83073/VOD-07). Það fer eftir því hvort hægt er að staðsetja einstök snið úr þessum rannsóknum hvernig þær gagnast sem grunnur að mati á breytingum. Sama gildir um gróðurrannsóknir sumarið 2000, sem höfðu að markmiði að flokka gróðurlendið í vistgerðir (NÍ-01004) og (LV-2001/020).

Ástand gróðurs var kannað á árunum 2006-2008 og þekja og gróska könnuð með aðstoð gervitunglamynda 2002, 2007 og 2008.

Þessar breytingar eru gerðar að tillögu ábyrgðarmanns vísisins. Rökin fyrir breytingunum eru að:

- a) Rannsóknir ná yfir mun stærra svæði en Vesturöræfi og rétt þótti að breyta titli í samræmi við það og tala um Snæfellsöræfi.
- b) Það er óraunhæft að setja markmið um að „Gróðurþekja haldist stöðug (NDVI vísitala mun ekki lækka og tegundum ekki fækka)“ eins og áður var og það er a.m.k. ekki á færi eigenda Sjálfbærni verkefnisins að standa við slíkt markmið þar sem þættir eins og veðurfar og beit spila stórt hlutverk.
- c) Þær rannsóknir sem liggja fyrir benda til að beit sé sterkur áhrifaþáttur og að rannsóknirnar þurfi að taka mið af því.
- d) Betri skilningur liggur fyrir nú en í upphafi verkefnisins á möguleikum á notkun mismunandi mæliaðferða til að meta gróðurbreytingar.